

Kennsluáætlun

Áfangalýsing:

Nemendur sem hefja nám í þessum áfanga eiga að hafa fullt vald á bókhaldshringrásinni, geta hafið bókhald og lokað því samkvæmt reglum tvíhliða bókhalds. Í þessum áfanga er fyrri kunnátta dýpuð verulega með erfiðari færslum. Farið er yfir bókun á helstu reikningum fyrirtækja, notkun fyrningareikninga við afskriftir eigna, bókun verðbréfa, hlutabréfa, skuldabréfa og annarra skuldaviðurkenninga og notkun affallareiknings. Einnig er farið yfir bókanir sem varða innflutning, tollafreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, kostnað og fyrirkomulag við geymslu á vörum í tollvörugeymslu. Uppgjörsfærslum er halddið áfram, bæði í gegnum aðalbók og reikningsjöfnuð. Farið er yfir bókanir í sambandi við stofnun og slit fyrirtækja, breytingar á réttarformi, samruna og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.

Pekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér dýpri skilnings á:

- Hugtökum tvíhliða bókhalds
- Helstu reglum tvíhliða bókhalds
- Helstu reikningum í fjárhagsbókhaldi
- Helstu lögum um bókhald og virðisaukaskatt

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni til að:

- Gera skil á færslum vegna innflutnings á vörum, helstu innflutningsskjölum, tollaafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, gengisbreytingum og kostnaði og fyrirkomulagi við geymslu á vörum í tollvörugeymslu
- Reikna og bóka verðbætur, vexti og afborganir af verðtryggðum skuldabréfum
- Bóka færslur sem tengdar eru hlutabréfaeign, arður, gengisbreytingar, jöfnunarhlutabréf og svo framvegis
- Meðhöndla mismunandi virðisaukaskatt í bókhaldi
- Gera skila á staðgreiðsluskatti, framlag í lífeyrissjóð og tryggingagjaldi
- Færa viðskiptamannabókhald

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu sem hann hefur aflað sér til að:

- Bóka færslur sem varða stofnun og slit fyrirtækja
- Vinna með viðskiptamannabókhald, sérstaklega með tilliti til innheimtu og afskrifta á viðskiptaskuldum

- Þekkja skilmála Fob og Cif
- Bóka færslur sem varða breytingu á réttarformi fyrirtækja, samruna og fjárhagslega endurskipulagningu þeirra.

Námsbók:

Tvíhliða bókhald 2,32 eftir Sigurjón Valdimarsson

Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi án hefðbundins lokaprófs. Á önninni verða lögð fyrir 3 próf.

	Vægi	
Próf 1	- dagbók	25%
Próf 2	- dagbók	25%
Próf 3	- reikningsyfirlit	25%
Verkefni á önn		25%

Sérreglur áfangans

Nemandi skal ná lágmarkseinkunn 4,5 að meðaltali úr hlutum námsmats til að standast áfangann. Nemandi sem ekki kemst í próf vegna veikinda eða leyfa frá skóla gefst kostur á að taka sjúkrapróf á prófatíma í lok annar. Engar undanþágur eru veittar frá þessari reglu. Mæti nemandi ekki í próf fær hann einkunnina 0.

Með fyrirvara um breytingar á önninni.

Kennari: Þórey Hilmarsdóttir tho@fsu.is